

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 28. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0081
BK/OKV

Efni: Umsókn um leyfi fyrir skógrækt í landi Minna-Mosfells

Vísað er í tölvubréf, dags. 22. janúar 2024, þar sem Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Minna-Mosfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða alls 91,5 ha svæði og tekur flatarmál gróðursetningar til 62 ha. Óskað er yfirferðar og umsagna vegna málsins á grundvelli framlagðrar ræktunaráætlunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér áætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til ábyrgðartegunda Íslands þar sem hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggendum búsvæðum. Þar kemur m.a. aukin skógrækt við sögu en langflestar vaðfuglategundir þrífast ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Skógrækt hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki flestra vaðfugla er lægri nær skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022).

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og má þar nefna Samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamninginn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu.

Í því ljósi er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem stórfelld skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru hérlendis (Pawel Wasowicz o.fl. 2022).

Í lýsingu á svæðinu segir að fyrirhugað skógræktarsvæði sé annars vegar á hallandi moslendi og hins vegar flatlendi sem er framræst mýrlendi. Skógræktarsvæðið er teiknað upp á loftmynd í greinargerðinni og þar sést að mjög lítið moslendi er innan þess, heldur er skógræktarsvæðið að langmestu leyti á framræstu votlendi. Landið virðist enn nokkuð blautt þrátt fyrir skurðakerfið af loftmyndum að dæma og fer það saman við í lýsingu í greinargerð og athugasemdir í gróðursetningaráætlun. Því getur fullyrðingin um að megnið af



gróðursamfélögunum hafi lítið verndargildi (á bls. 3) vart staðist ef votlendisvistgerðir og grasengjavist eru í meirihluta á þessu svæði og mætti heldur búast við að verndargildi vistgerða sé almennt hátt. Þá má benda á að votlendi á Suðurlandsundirlendinu hefur dregist stórlega saman vegna framræslu (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998) og líkur eru á að það dragist enn frekar saman vegna skógræktaráforma sem þessa.

Út frá vistlendum má reikna með mjög háum þéttleika mófugla á svæðinu. Lilja Jóhannesdóttir o.fl. (2014) könnuðu þéttleika átta algengustu tegunda mófugla (sjö vaðfuglategundir og ein spörfuglategund) í helstu vistlendum Suðurlands og að meðaltali voru yfir 600 fuglar/km² í votlendi og deiglendi.

Á bls. 9 eru talin upp ýmis „jákvæð áhrif sem skógurinn getur stuðlað að.“ Þar á meðal er eftirfarandi:

- „*Aukin líffræðileg framleiðni á rýru landi*“ og „*Uppgræðsla rofins lands og jarðvegsvernd*“ – Landið virðist vel gróið og enn nokkuð blautt af loftmyndum að dæma og hvorki rýrt né rofið.
- „*Efling á líffjölbreytni*“ – Ræktun framandi trjáteguna (sérstaklega tegunda sem geta mögulega reynst ágengar) á kostnað vel gróinna vistlenda með hátt verndargildi sem standa undir miklu fuglalífi getur ekki talist efling á líffræðilegri fjölbreytni. Þó nýjar tegundir lífvera nemi land með skógræktinni þá felur breytingin sem verður á lífríkinu í sér neikvæð áhrif á þá verðmætu líffræðilegu fjölbreytni sem fyrir er.
- „*Kolefnisbinding sem liður í að draga úr hraðfara loftslagsbreytingum*“ – Sé markmiðið að draga úr kolefnislosun væri nærtækast í landi sem þessu að endurheimta votlendið. Þá má reikna með að þrátt fyrir framræslu geymi landið enn mikið magn kolefnis og því gengur það gegn markmiðum um kolefnisbindingu að raska svæðinu enn frekar með plöntun trjáa og hreinsun skurða sem, samkvæmt lýsingu, eru farnir að falla saman.
- „*Myndun búsvæða fyrir fjölda plantna, dýra og sveppa*“ – Á svæðinu eru nú þegar búsvæði fyrir allt ofantalið sem óþarfi er að fórna fyrir tilbúið vistkerfi með framandi trjátegunum.

Hér er um að ræða vel gróið land þar sem vænta má hás þéttleika vaðfugla. Nú þegar hefur mikið landflæmi á þessum slóðum verið lagt undir skógrækt með tilheyrandi búsvæðatapi en síaukið búsvæðatap vaðfugla mun með tímanum óhjákvæmilega leiða til fækkunar í stofnum þeirra.

Náttúrufræðistofnun vill því hvetja sveitarfélagið til að huga að alþjóðlegum skuldbindingum um verndun lífríkis og horfa fremur til endurheimtar náttúrulegra vistlenda líkt og votlendis þegar kemur að kolefnisbindingu.



Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir (mar. 2022). Stafafura (*Pinus contorta*) í Steinadal - mat á ágengni. Icelandic Institute of Natural History, bls. 1–35.

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: Íslensk votlendi - verndun og nýting, ritstj. Jón S. Ólafsson. Háskólaútgáfan, bls. 131-142.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

